NICHE

Frumkvöðlastarf um óáþreifanlegan menningararf
2020-1-IS01-KA202-065809

IO2 Kortlagning og greining: tenging starfa með óáþreifanlegan menningararf við EQF og ESCO staðla

NICHE Greining þátttökuþjóða Samantekt

Unnið af Hellenic Open University (HOU)

Fjármagnað af Evrópusambandinu

Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.

Efnisyfirlit

Inngangur 2
Aðferðafræði 2
Grikkland 2
Ísland 3
Írland 4
Ítalía 5
Spánn 5
Svíþjóð 6
Niðurstaða 7

Fjármagnað af Evrópusambandinu
Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar..

Inngangur

Óáþreifanlegur menningararfur (ICH) er samkvæmt skilgreiningu UNESCO iðkun, framsetning, tjáning, þekking eða kunnátta, hluti af menningararfleifð staðar. Óáþreifanlegur menningararfur samanstendur af hugverkum, svo sem þjóðsögum, siðum, skoðunum, hefðum, þekkingu eða tungumálum. NICHE verkefnið (*Frumkvöðlastarf um óáþreifanlegan menningararf*, e. Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship) mun þróa nýstárlega þjálfun fyrir fagfólk á sviði óáþreifanlegs menningararfs til eflingar frumkvöðlastarfsemi í greininni, auka samkeppnishæfni og viðhalda vexti hennar.

Aðferðafræði

Í öðrum verkþætti verkefnisins NICHE unnu samstarfsaðilarnir eftirfarandi verkliði:

Verkliður 1: Sameiginleg aðferðafræði fyrir kortlagningu. Frá desember 2020 til febrúar 2021. Lengd: 3 mánuðir

Samstarfsaðilar skilgreindu sameiginlega aðferðafræði og viðmið við kortlagningu, þróuðu leiðbeiningar sem tryggja nákvæmni, samræmi og áreiðanleika niðurstaðna. Leiðbeiningarnar fjölluðu meðal annars um auðkenningu skjala, þætti kortlagningar og leiðir til að safna saman og vinna úr gögnum.

Verkliður 2: Kortlagning: Frá febrúar 2021 til júní 2021. Lengd: 5 mánuðir.

Í þessum verklið rýndu samstarfsaðilar í raunverulegar aðstæður í störfum tengdum óáþreifanlegum menningararfi. Greind var þörf á þjálfun hjá viðkomandi stéttum og þróun geirans kortlögð. Þá greindi hver þátttakandi frá niðurstöðum um stöðuna í sínu landi og samantekt þessara þátta verður grunnur að verkþætti þrjú í verkefninu.

Greint er hér frá niðurstöðum hverrar þátttökuþjóðar í stafrófsröð.

Grikkland

Fjölbreytt menningararfleið Grikkja hefur verið vernduð samkvæmt samningi um varðveislu menningarerfða UNESCO frá árinu 2003. Gildi grískrar arfleifðar er óumdeild en auk menningarminja er arfleifðina líka að finna í mannlegum athöfnum sem byggja á margvíslegum vinsælum hefðum. Óáþreifanlegur menningararfur er virkjaður í atvinnulífinu og lýtur nútíma viðskiptalögmálum sem miða að hagnaði bæði á innlendum og alþjóðlegum mörkuðum. Arfleiðin birtist á mörgum sviðum samfélagsins allt frá ferðaþjónustu og umhverfisvernd að rannsóknum og tækniþróun.

Fjármagnað af Evrópusambandinu
Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar..

Í sögulegu samhengi er nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að snúa aftur til staðarmenningar og hringrásarhagkerfis þar sem virðing er borin fyrir náttúru og umhverfi. Upprunamerkt vara sem byggir á gömlum hefðum og hráefni og sérkennum svæðisins sem og hefðbundnar list- og handverksgreinar eru svar við aukinni hnattvæðingu og hluti af endurmati á hefðum sem samþætta náttúrulegt umhverfi og menningarleg sérkenni.

Það er því nauðsynlegt að endurmeta mikilvægi lifandi hefða fyrir land eins og Grikkland, fyrir styrkingu staðbundinna hagkerfa og hagkerfi landsins. Það er hægt með því að setja sér vandaða menningarstefnu, með því að nýta alþjóðlegar samþykktir og stefnur (UNESCO um varðveislu menningarerfða, sameiginleg sýn í landbúnaði, hringrásarhagkerfi, nýsköpun), en einnig með því að skoða starfshætti annarra landa. Samkvæmt skýrslu frá Crafts Council UK (maí 2020) segir t.d. að á meðan heimsfaraldri stóð hefur aukinn áhugi á handverki leitt til stóraukins útflutnings á listaverkum. Í landbúnaði mun þróun næstu ára ekki birtast í aukinni verksmiðjuframleiðslu, heldur í nýtingu staðbundinna auðlinda, hefða og þekkingar.

Staðbundin matvælaframleiðsla í landbúnaði mun gera dreifbýl svæði samkeppnishæfari í hnattrænu umhverfi, auka fjölbreytni bæði í ræktun og dreifingu. Mun þessi þróun gefa grískum bændum, sem áður voru hvattir til að gefast upp á búskap, aukið forskot. Vitundarvakning um *grískt mataræði* sem er hluti af *Miðjarðarhafs mataræðinu* styrkir ofangreindar forsendur og styður þá stefnu sem beinist að matvælaframleiðslu. Mikilvægt er að iðnaðurinn styðji einnig, á kerfisbundinn hátt, við staðbundin verkefni sem ætlað er að stuðla að nýsköpun í menningu, ferðaþjónustu og menntun. Nýsköpun er ekki lengur forréttindi hátækniiðnaðarins. Hún er einnig viðfangsefni menningar og annarra greina utan hátækniiðnaðar.

Í Grikklandi hefur áratuga efnahagslægð, með miklum félagslegum afleiðingum, leitt í ljós slæmar stefnumótandi ákvarðanir um þróun afurðasvæða, svo sem í landbúnaði og skapandi greinum. Stjórnvöld hafa, eins og áður, verið treg til skipulagsbreytinga sem myndu draga úr áhrifum slíkrar kreppu á íbúa. Með verulegum stuðningi gríska ríkisins og nútíma tækni er tækifæri til að efla staðbundin kerfi. Með því mætti vinna markvisst að lausn vandamála sem tengjast loftlagsbreytingum, stjórnun vatnsauðlinda og lífrræðilegum fjölbreytileika. En fremur mætti með því tryggja betur tekjur framleiðenda og skapandi greina.

Ísland

Niðurstaða íslensku samstarfsaðilanna er að svigrúm er til að bæta varðveislu, skráningu og fræðslu um óáþreifanlegan menningararf á Íslandi. Jafnvel þótt Ísland sé ríkt af óáþreifanlegum menningararfi og skyldri starfsemi skortir rannsóknir, gögn, lagaramma og formlega og óformlega menntun. Óáþreifanlegan menningararf er til dæmis hvorki að finna í lögum nr. 80/2012 um menningarminjar, í Menningarstefnu

Fjármagnað af Evrópusambandinu
Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar..

íslenskra stjórnvalda frá 2013 né í gagnagrunni Hagstofunnar. Þrátt fyrir þetta byggja margar stofnanir og félög starf sitt að hluta eða öllu leyti á óáþreifanlegum menningararfi Íslands. Hafa ber í huga að þessar niðurstöður endurspegla ekki fjölbreytileika íslenskrar menningararfleiðar, iðkun eða störf henni tengdum. Ísland býr yfir ríkulegu menningarumhverfi og hlutfallslega háu atvinnuhlutfalli í menningargeiranum, samanborið við önnur Evrópulönd. Með bættum löggjafarramma, aukinni áherslu á tengdar rannsóknir, gögn og menntun, auk samstarfs menntunaraðila og stjórnvalda má auka meðvitund almennings um þennan auð og tryggja betur varðveislu óáþreifanlegrar menningararfleifðar Íslands. Nýting og nýsköpun á sviði óáþreifanlegs menningararfs gæti skapað mikilvæg tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf, landsbyggðina og ferðaþjónustu.

Írland

Geiri óáþreifanlegs menningararfs er enn tiltölulega nýr á Írlandi þó arfleið Íra sé aldagömul. Írland fullgilti alþjóðlegan samning UNESCO um varðveislu menningarerfða árið 2015 og formleg skráning á menningararfi Írlands hófst ekki fyrr en í lok árs 2019. Á þeim lista eru að miklum hluta áhugamál fólks sem hafa lítið svigrúm til að þróast í fullt starf eða jafnvel hlutastarf.

Mjög oft falla þessar lifandi hefðir sem skráðar eru undir víðtækari menningar- og minjasvið. Þar til nýlega var mjög lítil áhersla lögð á óáþreifanlegan menningararf en það er að breytast með aukinni viðurkenningu á mikilvægi hans til landkynningar. Einstök menningararfleið Írlands hefur orðið að lykilatriði í markaðssetningu landsins í ferðaþjónustu og öðrum viðskiptum.

Kynning og vitundarvakning um óáþreifanlegan menningararf og starf UNESCO við skráningar á landslista Írlands er enn mjög takmörkuð. Þó stuðningur sé á landsvísu við samfélög sem vilja taka þátt eða fá arfleifð sína á listann þá er vöntun á staðbundnum stuðningi. Einnig er aðstoð til samfélaga til að bera kennsl á einstakar hefðir eða venjur á sínu svæði í algjöru lágmarki.

Þrátt fyrir margar áskoranir eru líka mörg tækifæri. Í ljósi endurvakins áhuga á staðbundinni arfleifð og aukinni meðvitund fólks um nærumhverfi sitt í kjölfar COVID-19 faraldursins, eru tækifæri til að virkja samfélög á mismunandi sviðum þar á meðal í að taka meiri þátt og þróa greinar óáþreifanlegs menningararfs á hverju svæði.

Verndun óáþreifanlegs menningararfs og tengdra starfsgreina verður að vera í forgangi. Þó kynning og vitundarvakning um geirann sé álitin mikilvæg, þá þarf að gæta þess að hún setji ekki arfleiðina í hættu eða eyðileggi hana.

Fjármagnað af Evrópusambandinu
Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar..

Ítalía

Skýrsla samstarfsaðila á Ítalíu staðfestir að Ítalía er rík hvað varðar menningararfleifð og tengda starfsemi. Þrátt fyrir að Ítalía hafi fullgilt samning UNESCO um varðveislu menningarerfða frá 2003 hafa einungis 14 atriði verið skráð á landslista um óáþreifanlegan menningararf þar í landi. Enn er of litlu fjármagni veitt í verndun menningararfleifðarinnar og engin stefna hefur verið kynnt til að auka vitund og hæfni til að nýta þennan auð. Að auki staðfesta ítölsku gögnin að fólk sem starfar í þessum geira á Ítalíu er hámenntað, sem útskýrir lægsta atvinnuhlutfall ungmenna í Evrópu í menningargeiranum, en flestir starfsmenn í menningargeiranum á Ítalíu eru á aldrinum 35-54 ára.

Þrátt fyrir framboð á námskeiðum og framhaldsnámi á háskólastigi á Ítalíu er ekki framboð á þjálfun á starfsnámi og þjálfun virðist enn of sérhæfð til að ná til rekstraraðila.

Skýrslan staðfesti enn fremur þjálfunarþörf og færnisbil, sérstaklega á sviði stjórnunar- og stafrænnar færni. Hæfniþörfin krefst þess að námskeiðin sem NICHE þrói taki mið af sérstöku eðli rekstraraðila með óáþreifanlegan menningararf sem skilgreindur hefur verið sem „driffjöður starfandi við óáþreifanlegan mennngararf“ (e. ICH Activator) og ætti því að geta hannað, örvað og samþætt eftirfarandi:

- samstarf og samtal milli hagsmunaaðila í samfélaginu, allt frá embættismönnum til íbúa og einkageirans.
- staðbundin stjórnunarkerfi sem virkja staðbundna þekkingu og góða starfshætti og stuðja við staðbundin auðkenni
- staðbundin markaðsáætlun sem gerir fyrirtækjum (þmt félagslegum fyrirtækjum) kleift að fá aðgang að mörkuðum á samkeppnishæfan og sjálfbæran hátt, án aðgreiningar.

Spánn

Menningararfurinn er einn af styrkleikum Spánar. Engu að síður fjallaði spænski löggjafarramminn ekki um óáþreifanlegan menningararf fyrr en eftir fullgildingu samnings UNESCO um varðveislu menningararfleiða. Þó reynt sé að kynna og fræða fólk um óáþreifanlegan menningararf landsins þá eru tækifæri, bæði félags- og hagfræðileg, tengd honum ekki alltaf vel nýtt. Áhersla hefur verið lögð á varðveislu þeirra lifandi hefða sem eru í hættu á að hverfa, en vitundarvakning og ónýtt tækifæri í faginu mættu hafa meira vægi. Þá gætu Spánverjar öðlast tækifæri til vaxtar í greininni, fagfólk yrði fært um að greina og bera kennsl á möguleika óáþreifanlegs menningararfs og stofna fyrirtæki í geiranum. Sú nálgun myndi tryggja varðveislu, nýtingu og miðlun sem gæti bætt efnahagslegan hagnað og hafa menningarlegt gildi fyrir samfélagið. Núverandi staða er hins vegar sú að þó verið sé að kynna óáþreifanlegan

Fjármagnað af Evrópusambandinu
Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar..

menningararf og fræða um hann í skólum og hjá menningarsamtökum, þá er þekking og sértæk verkfæri ekki aðgengileg öllum. Sérhæfing er einungis í boði sem framhaldsmenntun (svo sem á meistarastigi) og þar er aðgangurinn takmarkaður af fjárhagi einstaklinga. í ljósi þessa takmarkaða aðgangs að menntun ber að huga að fagmennska í rekstri fyrirtækja sem nýta óáþreifanlegan menningararf er beintengd menntunarstigi. NICHE verkefnið er því dýrmæt leið til að mæta þessu bili. Til að auka kynningu og varðveislu óáþreifanlegs menningararfs er nauðsynlegt að vekja athygli á málefninu og þjálfa einstaklinga á öllum stigum, þar sem slíkt getur verið lykillinn að verndun menningararfs landsins. Þannig má sjá að NICHE verkefnið tekst á við þessar áskoranir og uppfyllir þarfir um nauðsynleg tækifæri til að þróa og afla sér viðeigandi þekkingar og hæfni, tækifæri sem eru öllum aðgengileg.

Svíþjóð

Svíþjóð er aðlaðandi ferðamannastaður og það eru upplifun á fallegri náttúru sem vekur mestan áhuga ferðamanna, menning og minjar tengdar náttúrunni eru stærsti hluti óáþreifanlegs menningararfs í Svíþjóð. Í janúar 2011 staðfesti Svíþjóð UNESCO sáttmálann um varðveislu menningarerfða sem þýðir að Svíþjóð er nú skylt að innleiða UNESCO sáttmálann með landslögum.

Þegar kemur að óáþreifanlegum menningararfi hafði Svíþjóð ekki tilnefnt neinn menningararf á alþjóðlega lista UNESCO til að forðast að gera upp á milli hinna ólíku lifandi hefða. Á vormánuðum 2021 var almenningur þó beðinn um að leggja fram tillögur fað tilnefningum Svíþjóðar á lista UNESCO um varðveislu menningararfleiðar og valdi sænska ríkisstjórnin tilnefningar á listann þá um sumarið. Að auki getur almenningur og samtök tilnefnt hefðir, siði og venjur á stöðugt vaxandi lista Svíþjóðar sem Stofnun tungumála og þjóðfræði er ábyrg fyrir.

Svíþjóð hefur verið kjörið í milliríkjanefnd UNESCO um vörslu óáþreifanlegs menningararfs og mun því nú gegna stærra hlutverki í starfi UNESCO. Með þessu nýja hlutverk verður vægi alþjóðlegar þátttöku sænska ríkisins í menningarminjamálum stór aukið.

Í Svíþjóð eru 130.000 stofnanir og fyrirtæki í menningargeiranum og fer þeim fjölgandi um allt land en árið 2019 fjölgaði störfum innan menningargeirans um 1,5%. Samanlagt leggja þau til 3,1% af vergri landframleiðslu Svíþjóðar og skapa um 143.000 störf. Það sem er einkennandi fyrir fyrirtæki í menningargeiranum er að þar eru margir sjálfstætt starfandi frumkvöðlar frekar en stærri fyrirtæki. Störfum innan menningargeirans hefur farið fjölgandi þó er aukningin ekki eins mikil og verið hefur á vinnumarkaðinum í heild sinni. Þess ber þó að geta að í menningargeiranum er ekki einungis talin með störf innan starfsstéttarinnar heldur eru stjórnendur og verslunarstarfsmenn einnig þar á meðal. Þess vegna endurspeglar þessi fjölgun starfa ekki einungis menningargeirann heldur einnig önnur menningartengd störf.

Niðurstaða

Hugtakið „menningararfur“ hefur breyst verulega á undanförnum áratugum, að hluta til vegna áhrifa frá vinnu UNESCO. Mikilvægi óáþreifanlegrar menningararfleifðar er ekki eingöngu menningarleg birtingarmynd heldur fremur sú þekking og hæfni sem flyst með henni milli kynslóð. Félagslegt og efnahagslegt gildi þessarar þekkingartilfærslu á jafnt við um alla þjóðfélagshópa og er jafn mikilvægt fyrir lág- og hátekjusvæði. Alþjóðlegur samningur UNESCO um varðveislu menningarerfða frá 2003 sprettur af alþjóðlegum áhyggjum varðandi hugtakið menningararfleifð og sérstaklega menningarlega þættir sem hafa enga áþreifanlega efnislega vídd (t.d. tónlist, dans, þekkingu og starfshætti o.s.frv..). Árið 2017 þróaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leiðbeiningar sem eru að finna í „Áætlun fyrir atvinnugreinar um hæfni“ þar er m.a. lýst nýju ferli og möguleika á að fá evrópskt fjármagn til að mæta kröfum um símenntun fyrir fólk sem vinnur við menningararfleifð.

Helstu niðurstöður rannsókna samstarfsaðila NICHE á óáþreyfanlegum menningararfi eru eftirfarandi:

Allir samstarfsaðilar eru sammála um að menningararfleifð og sérstaklega óáþreifanlegur menningararfur er talinn hafa mikla þýðingu í þeirra löndum

Öll samstarfsríkin hafa fullgilt samning UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (Grikkland (2006), Ísland (2006), Spánn (2006), Ítalía (2008), Svíþjóð (2011) og Írland (2015)).

Á lista UNESCO eru meira en 126 þættir sem skilgreind eru eftir hugtakinu óáþreifanlegur menningararfur. Mikilvægi menningararfleifðar hefur einnig verið viðurkennt í samningi UNESCO um varðveislu menningarerfða frá 2003 (107. og 167. gr.) og nokkur nýleg dæmi um Evrópustofnanir sem sýna áhuga á því að verja hana og vernda.

Það eru margar áskoranir en það eru líka mörg tækifæri á sviði óáþreyfanlegs menningararfs. Í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins er fólk meðvitaðra um nútíma þægindi og framboð í nærumhverfi sínu, það eru tækifæri til að eiga samskipti við samfélög um mismunandi venjur og siði og taka meiri þátt í að þróa óáþreifanlegan menningarf sem nýta má í frumkvöðlastarf.

Þó verið sé að kynna óáþreifanlegan menningararf og fræða um hann í skólum og hjá menningarsamtökum, þá er þekking og sértæk verkfæri ekki aðgengileg öllum. Sérhæfing er einungis í boði sem framhaldsmenntun (svo sem á meistarastigi) og þar er aðgangurinn takmarkaður af fjárhagi einstaklinga. NICHE verkefnið er því dýrmæt leið til að mæta þessu bili.

Algengustu hæfileikarnir sem skilgreindir voru í rannsóknunum og nýttir verða í þróun námsefnis um frumkvöðlastarf með óáþreifanlegum menningararfi eru eftirfarandi:

Fjármagnað af Evrópusambandinu
Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar..

Evrópskir staðlar	Hæfniþættir
DigComp (https://ec.europa.eu/jrc/en/digcomp/digital-competence-framework)	1.2 Mat á gögnum, upplýsingum og stafrænu innihaldi
	1.3 Umsjón með gögnum, upplýsingum og stafrænu innihaldi
	4.2 Verndun persónuupplýsinga og friðhelgi
	2.1 Samskipti með stafrænni tækni
	2.2 Upplýsingagjöf með stafrænni tækni
	2.5 Samskiptareglur á netinu
	2.6 Stýring stafræns auðkennis
EntreComp (https://ec.europa.eu/jrc/en/publication/eur-scientific-and-technical-research-reports/entrecomp-entrepreneurship-competence-framework)	1.3. Sýn
	1.4 Meta gildi hugmynda
	1.5 Siðferðisleg og sjálfbær hugsun
	1.1 Sjá tækifæri
	1.2 Sköpunargáfa
	3.2 Skipulagning og stjórnun
	3.5. Reynslunám

NICHE verkefnið miðar að því að efla frumkvöðlastarf með því að þróa nýstárlegt þjálfunar- og kennsluefni fyrir fagfólk í greinum óáþreifanlegs menningararfs, auka samkeppnishæfni þess og viðhalda vexti greinarinnar.

Husavik Academic Center

NÝHEIMAR KNOWLEDGE CENTRE

Hälsinglands Utbildningsförbund

Fjármagnað af Evrópusambandinu

Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar..

Irish Rural Link
Nasc Tuaithe na hÉireann

HELLENIC OPEN UNIVERSITY

Comune di Pescara

IHF

IDP European Consultants

Internet Web Solutions

Fjármagnað af Evrópusambandinu

Verkefni þetta er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar.Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar..